



Fréttatilkynning
Reykjavík 16. nóvember 2007

Icelandic Group hf. – Fyrstu níu mánuðir ársins 2007:

Tap fyrstu níu mánuði ársins € 0,3 milljónir

Helstu niðurstöður fyrstu níu mánuði ársins og þriðja ársfjórðungs

- Vörusala € 1.056,6 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins og € 327,4 í þriðja ársfjórðungi
- Samdráttur í tekjum 5,1% á fyrstu níu mánuðum ársins, 11,0% í þriðja ársfjórðungi
- Hagnaður fyrir vexti, skatta og afskriftir (EBITDA) € 27,0 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins og € 8,5 milljónir í þriðja ársfjórðungi
- Rekstrarhagnaður (EBIT) € 12,7 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins 2007 og 3,7 milljónir á þriðja ársfjórðungi 2007
- Tap € 0,3 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins og € 2,5 milljónir á þriðja ársfjórðungi
- Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti € 49,0 milljónir
- Heildareignir € 860,2 milljónir – eiginfjárlutfall 19,5%
- Arðsemi eigin fjár neikvæð um 1,1%

Björgólfur Jóhannsson forstjóri Icelandic Group:

„Okkar áætlanir gerðu ráð fyrir því að hagræðingin sem unnið hefur verið að frá júlímánuði 2006 skilaði sér í betra uppgjöri á þessu ári. Svo er ekki og hafa margvíslegar ástæður orðið þess valdandi að við erum enn að. Nú liggur fyrir að hagræðingin mun ekki koma til fullra áhrifa fyrr en í upphafi næsta árs. Flest fyrirtæki sem hafa verið í umbreytingarferli sýna bættan rekstur en ljóst er að tímapátturinn var vanmetinn hjá okkur. Rekstur Icelandic er víða kominn á gott skrið og margar einingar eru að skila ágætri framlegð. Við erum nú að ljúka sölu á einingum sem ekki hafa verið að skila nægilegri framlegð og er það hluti af hagræðingarferlinu að selja þær einingar sem ekki hafa verið að standa undir væntingum og styrkja þær sem hafa gengið vel. Rekstur Pickenpack Gelmer olli miklum vonbrigðum og hafði hann neikvæð áhrif á rekstur og

framlegð samstæðunnar á tímabilinu. Veðurfar í Bretlandi hafði áhrif á sölu í fjórðungnum og einnig dró úr eftirspurn í lok fjórðungsins í Bandaríkjum.

Stóra breytan í þessu uppgjöri liggur í afkomu Pickenpack Gelmer í Frakklandi þar sem rekstrarniðurstaðan er slök og langt frá áætlunum. Félagið er hluti af Icelandic Holding Germany sem unnið er að sölu á.

Það er bjargföst trú mín að hagræðingarferlið, sem við fórum af stað með í júlí og ágúst á síðasta ári, muni skila hluthöfum auknum verðmætum og enn betra félagi. Ljóst er að félagið mun ekki ná þeim EBITDA markmiðum sem sett voru fyrir árið 2007 og tóku mið af því að hagræðingarferlinu lyki fyrr en raunin er.“

Ársfjórðungayfirlit - lykiltölur					
Fjárhæðir í € '000	3F 2007	2F 2007	1F 2007	4F 2006	3F 2006
Vörusala	327.428	344.001	385.161	358.312	367.896
Kostnaðarverð seldra vara	(293.661)	(312.604)	(342.927)	(326.274)	(323.954)
Framlegð	33.767	31.397	42.234	32.038	43.942
Aðrar rekstrartekjur	1.934	1.230	1.656	2.370	3.196
Annar rekstrarkostnaður	(31.712)	(33.136)	(34.334)	(48.699)	(40.148)
Áhrif hlutdeildarfélaga	(274)	(11)	(43)	(184)	748
Rekstrarhagnaður (-tap)	3.715	(520)	9.513	(14.475)	7.738
Hrein fjármagnsgjöld.....	(8.781)	(1.214)	(5.872)	(7.147)	(7.423)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(5.066)	(1.734)	3.641	(21.622)	315
Tekjuskattur.....	2.517	1.650	(1.354)	6.947	638
(Tap) hagnaður tímabilsins	(2.549)	(84)	2.287	(14.675)	953
EBITDA	8.506	4.295	14.170	1.986	13.572
EBITDA hlutfall	2,6%	1,2%	3,7%	0,6%	3,7%

Fimm ára yfirlit - efnahagsreikningur					
Fjárhæðir í € '000	30.9.2007	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2004	31.12.2003
Fastafjármunir.....	408.905	407.282	275.231	142.400	66.008
Veltuafjármunir.....	451.307	499.468	415.184	279.994	229.977
Eignir samtals.....	860.212	906.750	690.415	422.394	295.985
Eigið fé.....	167.679	176.241	116.741	35.759	52.267
Langtímaskuldir	202.814	228.182	142.837	112.860	35.935
Skammtímaskuldir.....	489.719	502.327	430.837	273.775	207.783
Eigið fé og skuldir samtals.....	860.212	906.750	690.415	422.394	295.985

*Lokastöðu ársins 2003 hefur ekki verið breytt til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Rekstrarreikningur fyrstu níu mánuða ársins og þriðja ársfjórðungs 2007

Reikningsskilaaðferðir

Við gerð þessa árslutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings 2006.

Rekstrarreikningur - lykiltölur						
Fjárhæðir í € '000	3F 2007	3F 2006	Breyting %	9M 2007	9M 2006	Breyting %
Vörusala.....	327.428	367.896	-11,0%	1.056.590	1.113.004	-5,1%
Kostnaðarverð seldra vara.....	(293.661)	(323.954)	-9,4%	(949.192)	(990.332)	-4,2%
Framlegð	33.767	43.942	-23,2%	107.398	122.672	-12,5%
Aðrar rekstrartekjur.....	1.934	3.196	-39,5%	4.820	8.217	-41,3%
Annar rekstrarkostnaður.....	(31.712)	(40.148)	-21,0%	(99.182)	(111.834)	-11,3%
Áhrif hlutdeildarféлага.....	(274)	748		(328)	884	
Rekstrarhagnaður (EBIT)	3.715	7.738	-52,0%	12.708	19.939	-36,3%
Hrein fjármagnsgjöld.....	(8.781)	(7.423)	18,3%	(15.867)	(16.858)	-5,9%
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt ...	(5.066)	315	-1708,3%	(3.159)	3.081	-202,5%
Tekjuskattur.....	2.517	638	294,5%	2.813	171	1545,0%
(Tap) hagnaður tímabilsins	(2.549)	953	-367,5%	(346)	3.252	-110,6%
EBITDA	8.506	13.572	-37,3%	26.971	34.960	-22,9%
EBITDA hlutfall	2,6%	3,7%		2,6%	3,1%	
(Tap) hagnaður á hlut	(0,0009)	0,0003		(0,0001)	0,0011	

Vörusala á fyrstu níu mánuðum ársins nam € 1.056,6 milljónum samanborið við € 1.113,0 milljónir á sama tímabili síðasta árs. Lækkun í vörusölu nemur 5,1%. Vörusala þriðja ársfjórðungs nam € 327,4 milljónum samanborið við € 367,9 milljónir á þriðja ársfjórungi 2006. Það samsvarar 11,0% lækkun.

Starfspættir – skipting eftir eðli rekstrar

Sala eftir eðli rekstrar greinist þannig:

Starfspættir - skipting sölu eftir eðli rekstrar			
Fjárhæðir í € '000	9M 2007	9M 2006	Breyting%
Framleiðslufyrirtæki.....	848.441	862.204	-1,6%
Sölu- og markaðsfyrirtæki.....	459.800	497.255	-7,5%
Þjónustu og eignarhaldsfélög.....	6.515	29.839	-78,2%
	1.314.756	1.389.298	-5,4%
Jöfnunarfærslur.....	(258.166)	(276.294)	-6,6%
Sala samtals	1.056.590	1.113.004	-5,1%

Starfsþættir – skipting eftir landsvæðum

Sala eftir landsvæðum greinist þannig:

Starfsþættir - skipting sölu eftir landsvæðum	9M 2007	9M 2006	Breyting%
Fjárhæðir í € '000			
Bandaríkin.....	272.029	276.406	-1,6%
Evrópa án Bretlands.....	408.641	394.679	3,5%
Bretland.....	317.522	370.528	-14,3%
Asía.....	316.564	347.685	-9,0%
	1.314.756	1.389.298	-5,4%
Jöfnunarfærslur.....	(258.166)	(276.294)	-6,6%
Sala samtals	1.056.590	1.113.004	-5,1%

Rekstrarhagnaður (EBIT) nam € 12,7 milljónum á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við € 19,9 milljónir á sama tímabili síðasta árs. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam € 3,7 milljónum samanborið við € 7,7 milljónir á þriðja ársfjórðungi 2006.

Hagnaður fyrir vexti, skatta og afskriftir (EBITDA) á fyrstu níu mánuðum ársins nam € 27,0 milljónum samanborið við € 35,0 milljónir á sama tímabili síðasta árs. Hagnaður fyrir vexta, skatta og afskriftir í þriðja ársfjórðungi 2007 nam € 8,5 milljónum samanborið við € 13,6 milljónir á sama tímabili síðasta árs.

Hrein fjármagnsgjöld á fyrstu níu mánuðum ársins námu € 15,9 milljónum samanborið við € 16,9 milljónir á sama tímabili ársins 2006. Gengistap á fyrstu níu mánuðum ársins nam € 2,7 milljónir samanborið við gengishagnað að fjárhæð € 4,3 milljónum á sama tímabili síðasta árs. Hagnaður vegna breytinga á matsverði eignarhluta nam € 13,8 milljónum samanborið við tap að fjárhæð € 0,1 milljónum á sama tímabili síðasta árs. Hagnaðurinn skýrist að mestu af hækkun á markaðsverði eignarhluta í FPI Ltd. Hagnaður af sölu hlutabréfa nemur € 1,1 milljón. Hrein fjármagnsgjöld á þriðja ársfjórðungi námu € 8,8 milljónum samanborið við € 7,4 milljónir í þriðja ársfjórðungi 2006.

Tekjufærður tekjuskattur á fyrstu níu mánuðum ársins nam € 2,8 milljónum og € 0,2 milljónum á sama tímabili síðast árs. Tekjufærður tekjuskattur í þriðja ársfjórðungi nam € 2,5 milljónum samanborið við € 0,6 milljónir á sama tímabili síðasta árs. Virkt skatthlutfall var 89,0% á fyrstu níu mánuðum ársins og 49,7% í þriðja ársfjórðungi. Ástæða þess er að hagnaður samstæðunnar er mestur í löndum þar sem skatthlutfallið er lágt en tap er hjá félögum þar sem skatthlutfallið er hátt.

Tap á fyrstu níu mánuðum ársins nam € 0,3 milljónum samanborið við hagnað að fjárhæð € 3,3 milljónum á sama tímabili síðasta árs. Tap á öðrum ársfjórðungi nam € 2,5 milljónum samanborið við € 1,0 milljóna hagnað á þriðja ársfjórðungi 2006.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur samstæðunnar- lykiltölur			
Fjárhæðir í € '000	30.9.2007	31.12.2006	Breyting %
Fastafjármunir	408.905	407.282	0,4%
Veltufjármunir.....	451.307	499.468	-9,6%
Eignir samtals.....	860.212	906.750	-5,1%
Eigið fé.....	167.679	176.241	-4,9%
Langtímaskuldir	202.814	228.182	-11,1%
Skammtímaskuldir.....	489.719	502.327	-2,5%
Eigið fé og skuldir samtals.....	860.212	906.750	-5,1%

Heildareignir Icelandic Group í septemberlok námu € 860,2 milljónum samanborið við € 906,8 milljónir í lok árs 2006.

Fastafjármunir námu € 408,9 milljónum í septemberlok samanborið við € 407,3 milljónir í árslok 2006. Óefnislegar eignir námu € 244,6 milljónum samanborið við € 256,1 milljón í lok árs 2006.

Veltufjármunir námu € 451,3 milljónum samanborið við € 499,5 milljónir í árslok 2006. Birgðir námu € 264,0 milljónum samanborið við € 299,2 milljónir í árslok 2006.

Heildarskuldir í lok september námu € 692,5 milljónum samanborið við € 730,5 milljónir í árslok 2006. Nettó skuldir (heildarskuldir að frádregnum veltufjármunum) námu € 241,2 milljónum í septemberlok, samanborið við € 231,0 milljón í árslok 2006. Vaxtaberandi skuldir námu € 545,3 milljónum samanborið við € 562,2 milljónir í árslok 2006.

Eigið fé í lok september nam € 167,7 milljónum samanborið við € 176,2 milljónir í árslok 2006. Eiginfjárhlutfallið er 19,5% samanborið við 19,4% í lok árs 2006.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi - lykiltölur			
Fjárhæðir í € '000	9M 2007	9M 2006	Breyting %
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta.....	49.005	(12.194)	-502%
Handbært fé frá (til) rekstrar.....	26.047	(35.165)	174%
Fjárfestingarhreyfingar.....	(11.027)	(18.198)	39%
Fjármögnunarahreyfingar.....	(10.365)	52.035	120%
Breyting handbærs fjár.....	4.655	(1.328)	451%

Handbært fé frá rekstri fyrir greiðslu skatta og vaxta nam € 49,0 milljónum samanborið við handbært fé til rekstrar að fjárhæð € 12,2 milljónir á sama tímabili síðasta árs. Að teknu tilliti til greiðslu vaxta og tekjuskatts nam handbært fé frá rekstri € 26,0 milljónum en á sama tímabili síðasta árs nam handbært fé til rekstrar € 35,2 milljónum. Hreinar fjárfestingar bundu um € 11,0 milljónir af handbæru fé samanborið við € 18,2 milljónir á sama tímabili síðasta árs. Fjármögnunarahreyfingar bundu um € 10,4 milljónir af handbæru fé en skiluðu á sama tímabili síðasta árs € 52,0 milljónir. Handbært fé í septemberlok var € 25,0 milljónir.

Atburðir á þriðja ársfjórðungi 2007

Sala Icelandic Holding Germany á lokastigi

Icelandic Group undirritaði viljayfirlýsingu um sölu á 81% af eignarhlut sínum í Icelandic Holding Germany GmbH, móðurfélagi Pickenpack Hussmann & Hahn GmbH í Þýskalandi og Pickenpack Gelmer SAS í Frakklandi.

Kaupandi hlutarins er Finnbogi A. Baldvinsson, framkvæmdastjóri Icelandic Europe. Tilgangur sölunnar er að skerpa áherslur í rekstri Icelandic Group og lækkun skulda.

Samkvæmt viljayfirlýsingu sem kynnt var í september, þá afhendir kaupandi um 21% heildarhlutafjár í Icelandic Group sem endurgjald fyrir 81% hlutafjár í Icelandic Holding Germany GmbH. Icelandic Group stefnir að því að framselja þá eigin hluti sem félagið veitir viðtöku í viðskiptunum, í heild eða að hluta, til fjárfesta. Gert er ráð fyrir að endanlegir samningar verði undirritaðir á næstu vikum og verður þá nánar greint frá áhrifum kaupanna á rekstur og efnahag Icelandic Group.

Atburðir eftir þriðja ársfjórðung 2007

Eignarhlutur í Fishery Product International

Icelandic Group seldi meirihluta eignarhluta síns í FPI Ltd. fyrir í þessum mánuði á genginu 16. Gengi hlutabréta FPI hefur hækkað úr 7,59 CAD á hlut í árslok 2006. Eignarhluturinn er færður á genginu 16 í septemberlok 2007.

Horfur

Í hönd fer sterkasti fjórðungur í rekstri félagsins. Við teljum að rekstur félagsins í USA og Asíu muni ganga vel á síðasta fjórðungi ársins og í samræmi við áætlanir. Með sölu á Icelandic Holding Germany mun rekstur eininganna í Evrópu skila betri afkomu. Rekstur Coldwater hefur batnað mikið en enn er unnið að breytingum þar. Fiskverð hefur tekið að hækka á ný að undanfögnu sem getur haft áhrif á sölu félagsins og þar með afkomu. Unnið er að því að koma verðhækkunum út sem fyrst en jafnframt að horfa til eldistegunda í auknu mæli. Sala í þriðja ársfjórðungi var verulega undir áætlunum okkar en það er von okkar að sala í fjórða ársfjórðungi haldist í takt við áætlanir.

Samþykkt árshlutarreiknings

Stjórn Icelandic Group hf. samþykkti árshlutareikning fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2007 á stjórnarfundum 16. nóvember 2007.

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila

Föstudaginn 16. nóvember verður haldinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila. Fundurinn fer fram í húsnæði félagsins að Borgartúni 27 Reykjavík og hefst kl. 16:30. Á fundinum munu stjórnendur félagsins kynna árshlutauppgjörið. Hægt verður að nálgast kynninguna á vefsvæði félagsins, www.icelandic.is, og á vefsvæði OMX Nordic Exchange á Íslandi (www.omxgroup.com/nordicexchange/) að fundi loknum.

Birtingaráætlun 2007

Ársuppgjör 2007

vika 10 2008

Birtingaráætlun er einnig að finna á vefsíðu Icelandic Group, www.icelandic.is.

Fréttatilkynningar

Ef óskað er eftir að fá sendar fréttatilkynningar Icelandic Group í tölvupósti er hægt að skrá sig á eftirfarandi síðu: <http://icelandic.is/index.aspx?GroupId=84>

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir:

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri S: +354 896 1455

Reykjavík 16. nóvember 2007

Icelandic Group

Um Icelandic Group

Icelandic Group (OMX Nordic Exchange: IG) er alþjóðlegt net fyrirtækja sem starfa hvert á sínum markaði við framleiðslu og sölu sjávarafurða. Á mörgum mörkuðum er félagið þekkt fyrir vörumerki sitt ICELANDIC, sérstaklega innan veitingahúsa og mötuneyta. Félagið er einnig stór birgi smásöluverslana með framleiðslu undir eigin vörumerkjum eða undir vörumerkjum smásölukeðjanna. Starfsmenn Icelandic Group eru um 4.600. Hjá þeim stóra hópi liggur yfirgripsmikil þekking sem spannar allt frá veiðum og frumvinnslu sjávarfangs til vöruþróunar og framleiðslu tilbúinna rétta og þekking á markaði.

Fimm ára yfirlit - rekstrarreikningur					
Fjárhæðir í € '000	9M 2007	2006	2005	2004	2003*
Vörusala.....	1.056.590	1.471.316	1.200.257	802.624	679.183
Kostnaðarverð seldra vara.....	(949.192)	(1.316.606)	(1.084.702)	(719.586)	(609.796)
Framlegð	107.398	154.710	115.555	83.038	69.387
Aðrar rekstrartekjur.....	4.820	10.587	4.761	5.811	3.346
Annar rekstrarkostnaður.....	(99.182)	(160.533)	(118.057)	(66.156)	(59.342)
Áhrif hlutdeildarféлага.....	(328)	700	154	(702)	(1.664)
Rekstrarhagnaður	12.708	5.464	2.413	21.991	11.727
Hrein fjármagnsgjöld.....	(15.867)	(24.005)	(21.740)	(10.449)	(3.836)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(3.159)	(18.541)	(19.327)	11.542	7.891
Tekjuskattur.....	2.813	7.118	4.235	(4.672)	(2.119)
(Tap) hagnaður tímabilsins	(346)	(11.423)	(15.092)	6.870	5.802
EBITDA	26.971	36.946	16.222	28.941	19.250
EBITDA hlutfall	2,6%	2,5%	1,4%	3,6%	2,8%

*Rekstrarreikningi ársins 2003 hefur ekki verið breytt til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla